

## Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**  
Sendandi: **Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti**  
Dagsetning: **08.12.2022**  
Málsnúmer: **UMH22070003**  
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Aldursfriðun - viðbrögð URN við umsögnum

Vísað er til tölvupósts frá allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 6. desember sl., þar sem óskað er eftir minnisblaði frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu vegna umsagna sem borist hafa nefndinni um 429. mál.

Ráðuneytið hefur farið yfir innsendar umsagnir. Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við umsögn frá Félagi fornleifafræðinga eða þeim atriðum í öðrum umsögnum þar sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins.

#### Íslandsdeild ICOMOS.

Í umsögninni kemur fram að verði aldursfriðun fest við ártalið 1923 muni það skapa óvissu um stöðu húsa og mannvirkja sem reist eru eftir 1923 og munu ekki öðlast sjálfkrafa friðun við 100 ára aldur. Breytingin hafi einnig í för með sér að ákveðið ósamræmi skapast hvað varðar friðun fornleifa annars vegar, þar sem 100 ára aldursfriðun gildir áfram og hins vegar friðun húsa og mannvirkja sem þá verður bundin við fast ártal. Að auki er bent á að færa megi rök fyrir því að miða umsagnarskyldu við lok síðari heimsstyrjaldar en ekki árið 1930. Þá sé mikilvægt að tryggja að yngri menningararfi verði skilað til komandi kynslóða og brýnt sé að það verði gert mögulegt að friða/friðlýsa úrval yngri byggingararfs.

*Viðbrögð URN:*

*Ráðuneytið bendir á að ákveðið hefur verið að ráðast í heildarendurskoðun laga um menningarmirjar. Í þeirri endurskoðun mun koma til skoðunar við hvaða ártal eigi að miða hvað varðar aldursfriðun húsa og annarra mannvirkja og þá hvort ástæða sé til að cf nema 100 ára regluna hvað varðar friðun fornleifa. Það sama gildir um umsagnarskylduna sem kveðið er á um í 30. gr. laganna hvað varðar ártal og þá við hvaða ártal eigi að miða. Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 18. gr. laga um menningarmirjar má friðlýsa hús og mannvirki eða hluta þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Þá eru dæmi þess að yngri hús eða mannvirki hafi verið friðlýst. Loks má nefna ákvæði í 20. gr. laganna er varða möguleika á beitingu skyndfriðunar.*

#### Minjastofnun Íslands.

Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ákjósanlegra að aldursfriðun húsa og mannvirkja annars vegar og fornleifa hins vegar sé samræmd. Ef það verði ekki raunin með þessu frumvarpi leggur stofnunin þó til að við heildarendurskoðun laga nr. 80/2012 verði aldursfriðun menningarminja samræmd.

*Viðbrögð URN:*

*Ráðuneytið bendir á að ákveðið hefur verið að ráðast í heildarendurskoðun laga um menningarmirjar. Í þeirri heildarendurskoðun verður m.a. fjallað um aldursfriðun og hvort ástæða sé til þess að hún verði samræmd á milli húsa og mannvirkja annars vegar og svo fornleifa hins vegar.*

## **Reykjavíkurborg.**

Í umsögninni er lagt til að aldursfriðun húsa og mannvirkja verði bundin við 1918 líkt og aldursfriðun kirkna og vísað þar í 6. gr. eldri laga um húsafriðun nr. 104/2001 sem féllu úr gildi árið 2013. Einnig gæti aldursfriðun miðast við árið 1915.

*Viðbrögð URN:*

*Ráðuneytið telur ekki ráðlegt að breyta ártalinu úr 1923 í 1918. Eins og fram kemur í frumvarpinu liggur fyrir að ráðast þarf í heildarendurskoðun laga um menningarmirjar og að mati ráðuneytisins er ástæða til að skoða vel í þeirri vinnu við hvaða ártal eðlilegt sé að miða aldursfriðun. Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt að taka fyrst til faglegrar umfjöllunar við hvaða ártal eigi að miða. Ef ártalinu er breytt úr 1923 yfir í 1918 mun það hafa í för með sér að fjöldi þegar friðaðra húsa verður fjöldaður án allrar faglegrar umfjöllunar um hvort ástæða sé til að cflétta þeirri friðun. Þá bendir ráðuneytið á að þó svo að verulegar skorður hafi verið settar við því að reisa hús úr timbri í þéttbýli í Reykjavík eftir árið 1915 þýði það ekki að engin ástæða sé til að friða hús sem byggð voru eftir 1915 eða árið 1918. Ráðuneytið leggur til að allri umfjöllun um ártal verði vísað í heildarendurskoðun laganna ákveðið hefur verið að ráðast í.*

## **Samband íslenskra sveitarfélaga.**

Í umsögninni kemur fram að ekki sé ágreiningur um að brún þörf sé á að afnema svonefnda 100 ára reglu um friðun húsa. Að mati sambandsins sé hins vegar ekki gengið nógu langt með því að viðmiðunarár aldursfriðunar verði hér eftir byggingarárið 1923 og leggur sambandið til að miðað verði við árið 1915 og til vara 1918.

*Viðbrögð URN:*

*Ráðuneytið vísar til þess sem áður hefur komið fram í minnisblaðinu hvað varðar heildarendurskoðun laga um menningarmirjar og við hvaða ártal eigi að miða við aldursfriðun húsa, annarra mannvirkja og fornleifa.*

Ráðuneytið vill benda á að í samráðskafra frumvarpsins er að finna ítarlegri umfjöllun um umsagnir sem bárust við undirbúning frumvarpsins.

Hvað varðar gildistöku þá er rétt að ítreka mikilvægi þess að hún miði við 1. janúar 2023, rétt eins og núgildandi lög nr. 80/2012 um menningarmirjar tóku gildi þann 1. janúar 2013. Þar sem um hlaupandi 100 ára reglu er að ræða myndi skapast óvissuástand í upphafi árs 2023 gagnvart húseigendum sem og stjórnsýslunni ef málið væri enn í meðförum þingsins. Ástæða þess er að hlaupandi reglan miðar við byggingarár en ekki byggingarmánuð í tilteknu ári, og ekki liggur fyrir í opinberum, rafrænum skráum hvenær innan árs byggingu húsa lauk árið 1923. Staða húsa gagnvart aldursfriðun er ennfremur skráð í ýmsa gagnagrunna um áramót þegar við bætist nýr árgangur aldursfriðaðra húsa og annarra mannvirkja. Sé uppi óvissa um áframhald 100 ára reglunnar þegar nýtt ár gengur í garð, og jafnvel ekki ljóst við hvaða ár verði miðað að endingu, myndi það setja þá skráningu í ákveðið uppnám. Hvorutveggja skapar vandkvæði fyrir stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, sem og óvissu og ófyrirsjáanleika hjá eigendum viðkomandi fasteigna. Ráðuneytið telur því brýnt að ljúka afgreiðslu málsins þannig að gildistakan miðist við áramót.

Spurningum nefndarinnar sem lutu að öðru en efni ofangreindra umsagna verður sérstaklega svarað og eru ekki hluti af þessu minnisblaði.

Starfsfólk ráðuneytisins er nú sem fyrr tilbúið til að mæta á fund nefndarinnar og fara betur yfir einstaka þætti ef óskað er eftir því.